



Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188.mál.

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um framangreint frumvarp. Bæjarráð tók málið fyrir á fundi ráðsins 03. mars sl., ráðið tekur jákvætt í efni frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár en ekki verði gerðar breytingar á kjörgengisaldri, þannig að hver sá sem er kjörgengur er lögráða.

Á aldrinum 16-18 eru einstaklingar börn og því í forsjá forsjáraðila. Það er mikilvægt að meta hvort sá aðili geti með einhverjum hætti haft áhrif á kosningarétt barna sem hann er með forsjá yfir. Einnig er mikilvægt að meta bæði kosti og galla þess að kosningaaldur sé ekki sá sami og kjörgengisaldur og einnig hvort og hvaða áhrif það hefur að kosningaaldur fylgi ekki lögræðisaldri.

Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækun kosningaaldurs. Mikilvægt er að efla börn til að verða gagnrýnin, virkir og hæfir þátttakendur í sínu nærsamfélagi og þá ekki einungis þau sem eru 16. ára og eldri. Hvort sem kosningaaldur er lækkaður eða ekki er mikilvægt að efla ungmennaráð sveitarfélagana og leggja enn meiri áherslu á lýðræði sem er einn af grunnþáttum menntunar.

Angantýr

Angantýr Einarsson